

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á þessari samþykkt, og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

Samþykkt þessi skal birt í B.-deild Stjórnartíðindanna og auk þess prentuð sjerstaklega á kostnað kaupstaðarins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupstaðnum.

Breytingar á samþykkt þessari og viðauka við hana skal gjöra á sama hátt og samþykktina sjálfa.

Reykjavík, 14. nóv. 1895.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar 1894.

Tekjur:

- | | |
|---|---------------------|
| 1. Í sjóði 1. janúar 1894: | |
| Innritunarskirteini A. fol. 91 | kr. 1600 00 |
| 2. Vextir frá 11. júní 1893 til 11. júní 1894 — | 56 00 |
| | <hr/> |
| | Samtals kr. 1656 00 |

Gjöld:

- | | |
|---|---------------------|
| 1. Styrkur veittur Jóni Jónssyni á Hróalds- | |
| stöðum | kr. 56 00 |
| 2. Í sjóði við árslok: | |
| Innritunarskýrteini A. fol. 91 | — 1600 00 |
| | <hr/> |
| | Samtals kr. 1656 00 |

Skrifstofa austuramtsins, Akureyri, 15. jan. 1895.

Páll Briem.